

Samstarf í menntamálum á Suðurnesjum

Samantekt og samstarfsáætlun fyrir
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Janúar 2014



expectus

Inngangur

- ✓ Eftirfarandi samantekt er unnin af Expectus fyrir Samband sveitarfélaga á suðurnesjum og er liður í verkefni sem miðar að auknu samstarfi þeirra sveitarfélaga sem sambandið mynda í menntamálum til að styrkja stöðu Suðurnesja í þeim málaflokki. Ekki er ætlunin að hún sé enn ein samantektin á stöðunni, heldur er hún hugsuð sem afurð þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin í að tengja aðila saman, greina stöðuna og leggja upp framhaldið, svo og leiðarljós inn í þá vinnu sem hrint verður af stökkunum í kjölfar hennar.
- ✓ Í samantektinni er farið yfir helstu tækifærin til úrbóta og forgangsriðuð verkefni sem fyrir liggja, auk þess sem í henni má finna helstu vinnugögn sem liggja henni til grundvallar.
- ✓ Af hálfu Expectus stýrðu vinnunni dr. Magnús Árni Magnússon, dósent við Háskólann á Bifröst og Ragnhildur Ágústsdóttir, ráðgjafi.
- ✓ Það er von höfunda að hún verði grundvöllur að farsælu og árangursríku samstarfi.



Innihald

1.	Verkefnið og megintilgangur þess.....	4
2.	Staðan og viðfangsefnin.....	6
	i. Staða menntamála á Suðurnesjum	
	ii. Samræmd próf 2013	
	iii. PISA 2012	
	iv. Viðfangsefnin	
	v. Það sem verið er að gera	
3.	Samstarf og samstarfsmöguleikar.....	13
	i. Samstarf milli skólastiga	
	ii. Samstarf innan skólastiga	
	iii. Atvinnutengt samstarf	
	iv. Stjórnsýslusamstarf	
	v. Faglegt samstarf	
	vi. Fjarnám	
4.	Úrbótartækifæri í menntamálum.....	20
5.	Verkefni og verkáætlun.....	24
6.	Lokaorð.....	27
7.	Helstu heimildir.....	28

1. Verkefnið og megintilgangur þess

Í þessum kafla er verkefninu sjálfu lýst, tildrögum þess, megintilgangi og vinnslu

Verkefnið og megintilgangur þess

Það verkefni sem hér er til umfjöllunar er sprottið úr sóknaráætlun Suðurnesja. Líkt og fram kemur í skýrslu sem liggur henni til grundvallar (Expectus, 2013), í köflum 2.2 og 3.2, fær staða menntamála á Suðurnesjum ekki góða einkunn. Hefðbundnar iðngreinar eiga undir högg að sækja, svæðið er undir landsmeðaltali í þátttöku í framhaldsskólanámi, hlutfall háskólamenntaðs fólks á svæðinu er lágt, menntunarstigið er almennt lágt og hlutfall ómenntaðra atvinnulausra er hátt.

En þótt ástandið í dag sé ekki eins og best verður á kosið eru margir ljósir punktar í stöðunni og fjölmörg tækifæri til úrbóta. Mikið er undir því komið fyrir Suðurnesjamenn að forsvarsmenn menntamála á svæðinu grípi til aðgerða og snúi vörn í sókn. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa sett sér háleit markmið í því samhengi og hefur stefnan verið sett á að skila betri niðurstöðum árið 2020.

Ýmsar og margbreytilegar menntastofnanir er að finna á Suðurnesjum og er það hagur svæðisins að þær vinni sem best saman. Markmið þessa verkefnis er að greina tækifærin í samstarfi menntastofnana á Suðurnesjum og hvort tækifæri liggi í fjarnámskennslu á háskólastigi á svæðinu. Greiningarvinnan verður lögð til grundvallar mati á þeim ávinningi sem Suðurnesin gætu haft af hagnýtingu þessara tækifæra.

Byrjað var á að safna þeim gögnum sem til eru og ræða við stjórnendur menntastofnana á svæðinu og helstu hagsmunaaðila.

Í framhaldi af því var haldinn vinnufundur með þátttöku þessara aðila þar sem úrbótatækifærum var safnað.

Í framhaldi þeirrar vinnu var stýrihópur skipaður af hálfu SSS. Á fyrsta fundi hópsins í janúar 2014 voru verkefni sem út úr úrbótavinnunni komu skilgreind og þeim forgangsraðað.

✓ Megintilgangur þessa verkefnis er að:

- Greina tækifærin í samstarfi menntastofnana á Suðurnesjum
- Auka meðvitund hagsmunaaðila um tækifæri og ávinning af samstarfi
- Vinna samstarfsáætlun í framhaldi af því

Við vinnslu þessarar skýrslu voru tekin viðtöl við lykilaðila um menntamál á svæðinu. Þetta voru eftirfarandi aðilar:

- ✓ Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Voga, 24. júní 2013
- ✓ Dagný Gísladóttir, verkefnisstjóri hjá Heklunni, 14. maí 2013
- ✓ Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, 4. júní 2013
- ✓ Gylfi Jón Gylfason, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, 7. júní 2013
- ✓ Hanna María Kristjánsdóttir, fóstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja, 7. júní 2013
- ✓ Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, 28. maí, 2013
- ✓ Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, 7. júní 2013
- ✓ Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðsluviðs Grindavíkur, 24. júní 2013

Eftirfarandi greining er dregin út úr þeim viðtölum, auk fyrirbyggjandi gagna.

2. Staðan og viðfangsefnin

Í þessum kafla er að finna stutta umfjöllun um stöðu menntamála á Suðurnesjum eins og hún birtist í viðtölum við áhrifafólk í menntamálum á Suðurnesjum og fyrirbyggjandi gögnum

Staða menntamála á Suðurnesjum

Á Suðurnesjum eru 10 grunnskólar og tveir framhaldsskólar, Fjölbautaskóli Suðurnesja (FS) og Keilir, sem jafnframt starfar á háskólastigi í samstarfi við Háskóla Íslands. Af grunnskólunum eru 6 í Reykjanesbæ, 1 í Garði og 1 í Sandgerði, en þessir skólar heyra allir undir Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Í Grindavík er einn grunnskóli og Grindavíkurbær er með sérstaka skólaskrifstofu og í Vogum er líka einn grunnskóli, en Vogar eru með samning við Fræðsluþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Fimmtán leikskólar eru á Suðurnesjum, þar af tíu í Reykjanesbæ, tveir í Grindavík og einn í hverjum bæ, Garði, Sandgerði og Vogum.

Á Suðurnesjum er einnig að finna Miðstöð símenntunar, fjóra tónlistarskóla og aðra sérskóla, t.d. Fisktækniskólinn í Grindavík og Þekkingarsetur Suðurnesja í Sandgerði.

Allnokkur vinna hefur verið innt af hendi undanfarin ár í því skyni að greina stöðu menntamála á Suðurnesjum (sjá t.d. (Expectus, 2013), (Velferðarvaktin 2013), (Hanna María Kristjánsdóttir, 2012), (Expectus, 2010)) og verður því ekki miklu plássi eytt í það hér. Sjónum verður fremur beint að þeim tækifærum sem kunna að felast í auknu samstarfi og þeim verkefnum til úrbóta sem við höfum komið auga á í vinnunni.

Menntunarstig íbúa á Suðurnesjum hefur verið nokkuð lægra en gengur og gerist samanborið við aðra landshluta (sjá mynd 1) og færri ungmenni á framhaldsskólaaldri sækja skóla en annarsstaðar á landinu (sjá mynd 2).

Í byrjun nóvember birtust hinsvegar þær góðu fréttir að meðaltalsárangur nemenda í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk væri sá besti frá upphafi (Velferðarvaktin 2013) en sjá má þróunina í sveitarfélögunum á Suðurnesjum á mynd 4. Heilt yfir eru Suðurnesin nú kominn vel yfir landsmeðaltal í stærðfræði í 4. og 7. bekk (sjá mynd 3).

Rétt er þó að vekja athygli á nýjustu PISA könnuninni sem sýnir að nemendur á Suðurnesjum koma verst út allra íslenskra nemenda hvað varðar læsi og lesskilning, stærðfræðilæsi og náttúrufræðilæsi (sjá mynd 5) (mbl.is, 2013). (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013).


Mynd 1, heimild: Byggðastofnun 2012

Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent

Karlar	Grunnskóla- próf eða minna	Starfs- nám í fram- halds- -	Stúdents próf	lönnám/ verknám /meistar apróf	Grunn- nám í háskóla	Fram- halds- nám í háskóla	
Suðurnes	37%	4%	6%	36%	13%	4%	100%
Landið allt	22%	3%	14%	31%	19%	10%	99%
Konur							
Suðurnes	39%	5%	23%	9%	21%	5%	100%
Landið allt	27%	6%	19%	9%	27%	11%	99%

Mynd 2, Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir aldri og landsvæðum 2012, heimild: Hagstofa Íslands 2013



Samræmd próf 2013

Mynd 3, heimild: Námsmatsstofnun 2013

4. bekkur

Tafla 5. Meðaltal og staðalfrávik normaldreifðra einkunna nemenda í 4. bekk ásamt fjölda próftaka prósentum flokkað niður eftir landshlutum.

	Íslenska			Stærðfræði		
	M	Sf	Þátttaka %	M	Sf	Þátttaka %
Reykjavík	30,8	10,3	91,8	30,6	10,1	92,5
Ngr. Reykjavíkur*	30,5	9,6	92,2	30,9	9,6	93,5
Suðurnes	29,5	10,0	84,4	30,8	10,0	87,2
Vesturland	28,2	9,4	92,2	30,7	9,9	92,2
Vestfirðir	26,3	8,4	86,3	26,7	9,4	90,0
Norðurland vestra	26,8	9,2	85,8	25,6	11,4	85,8
Norðurland eystra	29,1	9,9	92,6	26,8	9,8	92,6
Austfirðir	27,9	10,7	88,2	26,9	9,6	93,8
Suðurland	30,5	9,7	87,2	30,0	9,4	90,4
Landið allt	30,0	10,0	90,7	30,0	10,0	92,1

*Nágrenni Reykjavíkur eru bæjarfélögin: Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Seltjarnarnes

7. bekkur

Tafla 19. Meðaltal og staðalfrávik normaldreifðra einkunna nemenda í 7. bekk ásamt fjölda próftaka í prósentum flokkað niður eftir landshlutum.

	Íslenska			Stærðfræði		
	M	Sf	Þátttaka %	M	Sf	Þátttaka %
Reykjavík	30,8	10,2	91,8	30,6	9,6	92,8
Ngr. Reykjavíkur*	30,2	9,8	93,3	30,8	9,6	94,1
Suðurnes	26,9	9,5	87,7	30,6	9,9	88,7
Vesturland	30,9	10,8	93,4	31,3	11,5	93,4
Vestfirðir	26,2	9,3	88,0	26,7	10,3	89,3
Norðurland vestra	30,2	10,5	95,7	27,0	10,9	95,7
Norðurland eystra	29,8	9,6	90,3	29,0	10,3	89,0
Austfirðir	29,9	9,2	93,7	26,9	9,3	91,8
Suðurland	29,5	9,5	90,7	28,2	9,3	89,8
Landið allt	30,0	10,0	91,9	30,1	9,9	92,3

*Nágrenni Reykjavíkur eru bæjarfélögin: Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Seltjarnarnes

10. bekkur

Tafla 34. Meðaltal og staðalfrávik normaldreifðra einkunna nemenda í 10. bekk ásamt fjölda próftaka í prósentum flokkað niður eftir landshlutum.







	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	M	Sf	Þátttaka %	M	Sf	Þátttaka %	M	Sf	Þátttaka %
Reykjavík	30,4	10,5	90,4	30,4	10,2	90,5	31,2	10,3	92,4
Ngr. Reykjavíkur*	31,2	9,7	90,5	31,4	10,2	89,6	31,0	9,7	92,0
Suðurnes	27,8	9,6	79,7	28,9	9,2	77,6	29,3	9,1	83,1
Vesturland	29,8	9,5	85,0	29,4	10,1	83,6	28,5	9,6	86,4
Vestfirðir	26,7	9,0	86,3	27,1	9,9	88,9	26,9	11,1	89,7
Norðurland vestra	27,5	8,8	90,4	27,7	8,9	92,8	25,8	9,6	90,4
Norðurland eystra	29,0	9,3	87,0	29,2	9,5	84,1	28,4	9,5	85,7
Austurland	29,5	10,1	87,2	27,6	9,3	86,1	28,2	9,6	87,8
Suðurland	29,7	9,0	87,1	28,8	9,2	84,7	28,6	9,8	87,7
Landið allt	30,0	9,9	88,6	30,0	10,0	87,8	30,0	10,0	90,0

*Nágrenni Reykjavíkur eru bæjarfélögin: Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Seltjarnarnes

Þróun samræmdra prófa á Suðurnesjum


Mynd 4,

Heimild: Námsmatsstofnun 2009, 2011, 2013




PISA 2012


Mynd 5,
heimild: Almar M. Halldórsson ofl. (2013)



Stærðfræðilæsi eftir landshlutum árin 2003 til 2012



Lesskilningur eftir landshlutum árin 2000 til 2012




Náttúrfræðilæsi eftir landshlutum árin 2006 til 2012

Viðfangsefnin

- ✓ Það kemur því ekki á óvart að þau þrjú megin viðfangsefni sem komu út úr viðtölum við nokkra úr hópi helsta áhrifafólks í menntamálum á Suðurnesjum séu:

- Í **fyrsta** lagi þarf að **bæta námsárangur** grunnskólanemenda á Suðurnesjum, sem hefur verið undir landsmeðaltali.
- Í **öðru** lagi þarf að **minnka brottfall** nemenda sem verður sérstaklega á fyrstu tveimur árum framhaldsskóla og hefur verið talsvert yfir landsmeðaltali.
- Í **þriðja** lagi þarf að **hækka almennt menntunarstig** á Suðurnesjum.



Það sem verið er að gera

✓ **Reykjanesbær, Garður og Sandgerði**

- Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar hefur sett sér metnaðarfull markmið í að bæta námsárangur grunnskólanema, en Garður og Sandgerði eru í samstarfi við Fræðsluskrifstofuna um rekstur sinna skóla og hafa þessi þrjú sveitarfélög náð að móta sér sameiginlega sýn í fræðslumálum.
- Góðir innviðir eru til staðar og hefur stefnan verið sett á að bæta árangurinn verulega á 5 árum.
- Stjórnendur hafa skrifað undir s.k. *Árborgarsáttmála* þar sem þeir stefna að því að bæta árangur nemenda í sínum skólum.
- Meðal þess sem unnið hefur verið að er meiri samvinna við foreldra í umdæmi Fræðsluskrifstofunnar.
- Á þeim tveimur árum sem liðin eru hefur þegar náðst allnokkur árangur í að bæta námsárangur nemenda í skólum þeim sem heyra undir skrifstofuna.
- Árið 2009 voru nemendur þessara skóla ekki yfir landsmeðaltali í samræmdum prófum á neinu sviði, en árið 2012 voru þeir yfir meðaltali á fjórum sviðum (Friðgeir Andri Sverrisson og Sigurgrímur Skúlason, 2012).
- Ef horft er til niðurstaðna úr PISA könnun sem birt var í desember 2013 sést þó að enn er verk að vinna, en þar koma nemendur á Suðurnesjum verst út miðað við landið í heild (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013).
- Í þessum efnum hefur ekkert samstarf verið við Grindavík, sem eru með eigin skólaskrifstofu né heldur við Voga, sem eru í samstarfi við Fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar.

✓ **Grindavík**

- Helsta vinnan hefur verið í kringum innleiðingu nýrrar aðalnámskrár
- Styrkur og sérstakt framlag úr bæjarsjóði til að hrinda af stað þriggja ára verkefni.
- Skipað var sérstakt teymi sérfræðings frá skólaskrifstofu auk stjórnenda leikskóla, grunnskóla og fisktækniskóla.
- Mesta vinna sl. árs (2012) fór í að innleiða grunnþættina
- Í mars 2013 fór af stað endurskoðunarnefnd skipuð fulltrúum allra hagsmunaaðila auk fulltrúa í fræðslunefnd.
- Mikill metnaður og mikill áhugi til að gera betur, t.d. var íbúáþing í janúar 2013 um þessi mál.
- Ekki hefur verið um formlegt samstarf við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum að ræða, en velvilji er til staðar þeirra á milli.

✓ **Vogar**

- Hafa verið í samvinnu við Fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar.
- Skólastjórar grunnskóla og leikskóla sækja reglulega fundi þar.
- Ekki verið í samstarfi við önnur sveitarfélög en Hafnarfjörð undanfarið um fræðslumál.

3. Samstarf og samstarfsmöguleikar

Í þessum kafla eru kynnt þau þemu sem voru dregin út úr viðtölum við áhrifafólk í menntamálum á Suðurnesjum

Samstarf milli skólastiga

Horfa má á skólastigin eins og samhangandi keðju sem byrjar með leikskólanum og í gegnum grunnskólann upp í framhaldsskóla með viðkomu í tómtundaiðkun og símenntun síðar meir.

Helstu vandamálin sem tengjast samstarfi skólastiga felast í samræmingu á fræðslu innan og milli skólastiga og brottfalli nemenda um leið og skólaskyldu léttir.


Eðli máls samkvæmt er ekki um brottfall að ræða á milli leikskóla og grunnskóla og viðfangsefnin í því samhengi því fyrst og fremst tengd fræðslu í leikskólum og samræmingu hennar upp á næsta skólastig.

✓ Það sem verið er að gera

- Fagkennarar í kjarnafögum fjölbrautaskólans og fagkennarar í kjarnafögum í grunnskólum eiga með sér samstarf.
- 10. bekkingar (og bráðgerir yngri krakkar) geta tekið áfanga í FS.
- Skólaheimsóknir grunnskóla: 9. og 10. bekkingar heimsækja framhaldsskólann.
- Námsráðgjafar FS heimsækja grunnskólann.
- Kennarar í FS hafa kennt valáfanga í grunnskólum.
- Síðastliðin 2 ár hefur FS skimað fyrir brottfallsáhættu meðal 1. árs nema sem virðist vera að skila árangri í lægra brottfalli.

✓ Það sem væri hægt að gera

- Viðmælendur sammála um að auka og efla samstarf framhaldsskólastigsins við grunnskólann, t.a.m. með því að auðvelda þeim grunnskólanemendum sem hafa tök á því að fara fyrir í framhaldsskólanám, en að mati eins viðmælandans eru um 10% árgangs sem hafa tök á að byrja fyrir.
- Að grunnskólarnir miðluðu upplýsingum til FS, til dæmis um áhugasvið nemenda í 10. bekk, sérstaka námserfiðleika eða sérþarfir.
- Bráðgerir grunnskólanemendur gætu verið í einum bekk í FS en verið svo eftir hádegi í grunnskólanum.
- Setja af stað skimun fyrir brottfallsáhættu á gagnfræðiskólastigi og grípa til viðeigandi aðgerða þar sem áhætta greinist mikil.
- Auka eftirfylgni með nemendum í brottfallshættu upp í framhaldsskólastigið, t.d. með því að búa til sérstök teymi í kringum þá.
- Koma á fót miðstöð að belgískri fyrirmynd sem ynni með nemendum sem eiga erfitt með að finna sig í skólanum, þar sem þau væri markvisst byggð upp á sérstöku námskeiði.
- Reyna að sveigja kerfið að þörfum nemandans fremur en að sveigja nemandann að þörfum kerfisins.



Samstarf innan skólastiga

Á Suðurnesjum eru 15 leikskólar, 10 grunnskólar, 3 skólar sem starfa á framhaldsskólastigi, 2 stofnanir sem starfa á háskólastigi og 4 tónlistarskólar. Aðra sérskóla er einnig að finna á Suðurnesjum.

Grunnskólar og leikskólar eru reknir af sveitarfélögunum eða, í tilfalli fjögurra leiksskóla, með samningum við þau.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er langstærsti framhaldsskólinn á svæðinu. Keilir er einnig með nám á framhaldsskólastigi sem og Fisktækniskóli Íslands í Grindavík.

Sóknarfærin er fyrst og fremst að finna í auknu samstarfi grunnskólanna.

Helstu vandamálin sem tengjast samstarfi milli grunnskólanna á Suðurnesjunum öllum tengjast fyrst og fremst skiptingu svæðisins milli þriggja skóla- eða fræðsluskrifstofa.

Einnig eru sóknarfæri í auknu samstarfi tónlistarskólanna.

✓ Það sem verið er að gera

- Margir af grunnskólunum eru í samstarfi við aðra grunnskóla sem vinna samkvæmt sömu uppeldisstefnu og þeir, á Suðurnesjum og annarsstaðar á landinu (Hanna María Kristjánsdóttir, 2012).

✓ Það sem væri hægt að gera

- Í öllum grunnskólunum á Suðurnesjum eru menn sammála um það að auka þyrfti samstarf á milli skólanna á svæðinu, en t.d. á Grunnskólinn í Grindavík ekki í neinum samskiptum við aðra grunnskóla á Suðurnesjum (Hanna María Kristjánsdóttir, 2012)
- Námsráðgjafar í grunnskólum hafa sérstakan áhuga á að auka samstarfið sín á milli (Hanna María Kristjánsdóttir, 2012).
- Hægt væri að auka samstarfið á milli tónlistarskólanna á svæðinu.



Atvinnutengt samstarf

Talað hefur verið um að æskilegt sé að nemendur kynnist atvinnulífi á svæðinu snemma og geri sér grein fyrir því sem þar er að gerast.

Hugmyndin að baki því er sú að nemendur fái áhuga á tilteknum störfum, starfsgreinum eða fyrirtækjum og sjái fyrir sér menntunarmarkmið í tengslum við það.

Það gæti unnið gegn brottfalli nemenda úr framhaldsskóla að þau geri sér grein fyrir áhugasviðum sínum í tengslum við atvinnulífið og taki þá stefnu fyrir að sérhæfa sig í þær áttir.

Tengsl framhaldsskóla og skóla á háskólastigi við fyrirtæki á svæðinu geta verið á þann hátt að nemendur vinni raunhæf verkefni í námi sínu sem tengist atvinnulífinu og jafnvel að þeir skili sér inn í fyrirtækin að námi loknu í gegnum þau tengsl sem þannig myndast.

✓ Það sem verið er að gera

- Grunnskólar eru í samskiptum við fyrirtæki á svæðinu í tengslum við starfskynningar í 10. bekk, einstaka valgreinar og úrræði tengd einstaka 10. bekkjum (Hanna María Kristjánsdóttir, 2012).
- FS, Keilir, Fisktækniskólinn og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) hafa verið í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu í tengslum við starfsþjálfun nemenda og þróun námsleiða.
- Samstarf hefur verið við Vinnumálastofnun á Suðurnesjum vegna námsúrræða fyrir atvinnuleitendur (Hanna María Kristjánsdóttir, 2012).
- MSS heldur úti náms- og starfsráðgjöf sem er opin fyrir alla, en er þó sérstaklega hugsuð fyrir þá sem ekki hafa mikla formlega menntun. Á vegum MSS er einnig boðið upp á raunfærnimat. Samstarf hefur verið við FS um það.
- MSS fer í fyrirtæki á svæðinu og greinir menntaþörfina.
- Á tímabili var starfræktur samstarfsvettvangur náms- og starfsráðgjafa á Suðurnesjum, en hann hefur verið óvirkur undanfarin 2-3 ár.

✓ Það sem væri hægt að gera

- Próa styttri námsbrautir á framhalds- sér- og háskólastigi sem eru í tengslum við þarfir atvinnulífsins á svæðinu.
- Auka tengslin við fyrirtæki vegna nemenda í brottfallshættu
- Efla mætti starfsendurhæfingu og valdeflingu (e. *empowerment*) fólks með námserfiðleika, s.s. lesblindu, ofvirkni og athyglisbrest.
- Efla tengslin við stóru fyrirtækin á svæðinu, t.d. Isavia og Icelandair.



Stjórnsýslusamstarf


Grunnskólar og leikskólar heyra undir fræðsluskrifstofu sveitarfélaganna, Fjölbrautaskólinn undir menningar- og menntamálaráðuneytið og aðrir skólar byggja starfsemi sína á samningum við ráðuneytið.

Sandgerði og Garður eru í samstarfi við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Grindavíkurbær er með sérstaka skólaskrifstofu en Vogar eru með samning við Fræðsluþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Stjórnsýslan sem tengist menntamálum á Suðurnesjum er því dreifð og tiltölulega lítið samstarf er milli aðila.


Þeir sem best til þekkja telja tækifæri fólgin í auknu samstarfi stjórnsýslunnar í menntamálum.

- ✓ Það sem verið er að gera
 - Reykjanesbær, Sandgerði og Garður eru í samstarfi gegnum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar
- ✓ Það sem væri hægt að gera
 - Auka samstarf fræðsluskrifstofanna í Reykjanesbæ og Grindavík



Faglegt samstarf

- ✓ Þau þemu sem komu út úr viðtölum þar sem hefur verið/væri hægt að auka faglegt samstarf
 - **Spegluð kennsla** (e. *Flipped classroom*) (Keilir – grunnskólarnir), en þess má geta að Keilir, Þróunarsjóður námsgagna og Reykjanesbær styrktu árið 2013 verkefni sem snéri að þróun kennsluefnis í náttúrufræði og stærðfræði á síðari stigum grunnskóla (8 - 10 bekk).
 - **Samráðsvettvangur í menntamálum** (allir). Nefnt var að æskilegt væri að til væri formlegur samráðsvettvangur allra þeirra sem koma að fræðslumálum á Suðurnesjum, t.a.m. reglubundið „fræðsluþing“ eða ráðstefna.
 - **Náms- og starfsráðgjöf** (Grunnskólar – framhaldsskólinn). Til skamms tíma höfðu náms- og starfsráðgjafar með sér formlegt samráð, en það hefur legið niðri um einhvern tíma.
 - **Þróunarverkefni** (allir)
 - **Brottfallshópurinn** (Grunnskóli, framhaldsskóli, háskóli, símenntun, atvinnulíf). Samráð í því augnamiði að koma auga á þá nemendur sem eru í brottfallshættu og grípa til ráðstafana í sameiningu.



Fjarnám

Einn þáttur þessa verkefnis fólst í því að kanna möguleika á beitingu fjarnáms til eflingar menntunar á Suðurnesjum.

Tveir þeirra aðila sem komu að vinnslu þessa verkefnis koma að fjarnámi, þó á ólíkan hátt. Þetta eru Keilir og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS).

Keilir býður upp á hluta síns náms í fjarnámsumhverfi og hefur innviði til að takast á við það verkefni.

MSS býður upp á aðstöðu fyrir nemendur sem stunda fjarnám og er þar fyrst og fremst um að ræða nemendur við Háskólann á Akureyri, þó allir fjarnemar geti fengið aðstöðu hjá MSS.

Árið 2013 hafa um 160 einstaklingar á Suðurnesjum stundað fjarnámið í gegnum MSS.

Nokkur óvissa með framhaldið á fjarnáminu hjá MSS þar sem Miðstöðina skortir fjármagn til að geta haldið úti þessari þjónustu (Velferðarvaktin 2013)

Keilir og MSS hafa verið í samstarfi um fjarnám í Menntastoðum.

Eðli fjarnáms er það að í flestum tilfellum skiptir ekki máli hvar sá aðili er sem býður upp á það og í síauknum mæli skiptir ekki heldur máli hvar viðtakandinn/nemandinn er staðsettur, því námið fer fram í gegnum tölvu viðkomandi fremur en í sérútbúnum fjarnámsstofum.

Því stendur nánast allt fjarnám sem á annað borð stendur Íslendingum með tölvu og nettengingu til boða, íbúum Suðurnesja til boða einnig.

Flestir ef ekki allir háskólar á Íslandi bjóða upp á fjarnám í einhverju formi og fjöldamargir framhaldsskólar og aðrir fræðusluaðilar nýta sér möguleika þess.

Spurning kann að vera hvort einhver sérstök hvatning þyrfti að koma til til að Suðurnesjamenn nýttu sér í auknum mæli kosti fjarnáms, en ekki er tekin afstaða til þeirrar spurningar hér og er henni velt inn í vinnu stýrihóps verkefnisins, sem hefur verið skipaður og tekur formlega við verkefninu í febrúar 2014.

- ✓ Hér er lagt til að stýrihópur verkefnisins taki málefni fjarnáms til umfjöllunar og ræði hvort hægt sé að nýta kosti þess til að efla menntun á Suðurnesjum, hugsanlega í samstarfi við Keili og MSS.

4. Úrbótartækifæri í menntamálum

Niðurstöður samráðsfundar um menntamál á
Suðurnesjum, 18. nóvember 2013



Samráðsfundur um menntamál

Þann 18. nóvember 2013 var haldinn samráðsfundur með þátttöku um 20 aðila sem allir tengjast menntamálum á Suðurnesjum nánnum böndum. Notuð voru verkfæri svokallaðs úrbótarfundar, sem miðar að því að skilgreina á hvaða sviðum er hægt að gera betur (sjá nánar í viðauka).

Á úrbótafundi fer fram sameiginleg greining á stöðunni. Það felur í sér að greiningin er unnin af liðsheild af viðkomandi sviði og miðað er að því að skapa andrúmsloft samvinnu og liðsheildar. Úrbótarfundir henta því vel til að hefja breytingarferli, auka skilning á því hversu samstilling hópsins skiptir miklu máli þegar kemur að því að ná árangri og virkja ágreining með gagnkvæmri virðingu. Einnig er mikilvægt að skilgreina, meta og forgangsraða úrbótatækifærum í sameiningu og var það gert.

Á fundinum komu fram 72 úrbótartækifæri og voru þau sett í 18 flokka eða „knippi“, sem skilgreint var hvernig unnið skyldi úr.

Úrvinnsluferli knippa var flokkað á fundinum í „nike“, „huddle“, „framkvæmdahópur“, „háð stefnu“ og „óvirk“ eftir því hvernig ætti að vinna úr þeim.

- **Nike** vísar til slagorðs fyrirtækisins „just do it“ sem þýðir að það er hægt að framkvæma umbætur strax.
- **Huddle** kemur úr bandarískum fótbolta eða ruðningi, þar sem leikmenn hópa sig saman til ákvarðanatöku um næstu skref, s.s. óformleg ákvörðunartaka um framkvæmd í hóp.
- **Framkvæmdahópur** þýðir að skipa þarf sérstakan hóp til að vinna formlega í málinu.
- **Háð stefnu** þýðir að stjórn eða jafnvel fjarlægir ákvarðanatökuaðilar þurfa að breyta um stefnu svo úrbætur séu mögulegar og
- **Óvirk** þýðir einfaldlega að ekki er hægt að gera þær úrbætur sem þarf.

Á næstu blaðsíðu gefur að líta niðurstöður fundarins.

✓ Þátttakendur á fundinum voru:

- **Baldur Guðmundsson**, formaður fræðsluráðs Reykjanesbæjar
- **Dagný Gísladóttir**, verkefnastjóri Heklnnar - atvinnuþróunarfélags Suðurnesja
- **Einar Jón Pálsson**, ritari og fulltrúi Garðs í stjórn SSS
- **Gerður Pétursdóttir**, formaður vinnumarkaðsráðs Suðurnesja, Velferðarráðuneytið
- **Guðjón Þ. Kristjánsson**, fræðslufulltrúi Sandgerðis
- **Gunnar Þórarinnsson**, formaður og fulltrúi Reykjanesbæjar í stjórn SSS
- **Gylfi Jón Gylfason**, fræðslustjóri Reykjanesbæjar
- **Hanna María Kristjánsdóttir**, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- **Hjálmar Árnason**, framkvæmdastjóri Keilis
- **Jóhann Rúnar Kjærbo**, formaður fræðsluráðs Sandgerðis
- **Jóngeir Hjörvar Hlinason**, formaður fræðsluráðs Voga
- **Kristján Ásmundsson**, skólameistari Fjölbautarskóla Suðurnesja
- **Nökkvi Már Jónsson**, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs Grindavíkurbæjar
- **Ólafur Þór Ólafsson**, fulltrúi Sandgerðis í stjórn SSS
- **Róbert Ragnarsson**, bæjarstjóri Grindavíkur
- **Svava Bogadóttir**, skólastjóri Stóru-Vogaskóla, Vogum

Úrbótartækifæri í menntamálum

✓ Kynning á námsframboði (nike)

- 1) Bæta upplýsingagjöf á heimasíðum skólanna
- 9) Bæta þarf vitund um möguleika í námi
- 21) Náms- og starfsfræðsla í (grunn)skólum ekki nægjanlega öflug og samræmd

✓ Flæði upplýsinga (nike)

- 58) Ekki nægjanleg upplýsingagjöf og samkeyrsla milli stofnana sveitarfélaga
- 72) Miðlun upplýsinga milli sveitarfélaga ekki næg

✓ Bættar samgöngur (nike)

- 28) Samgöngur ekki nógu góðar (milli Voga og Reykjanesbæjar)

✓ Áhrif nemenda á þróun mála (huddle)

- 43) Ekki tekið tillit til sjónarmiða nemenda um úrbætur
- 66) Félagslífi nemenda ábótavant (of einhæft, ekkert nema böll)

✓ Neikvætt viðhorf til menntunar (huddle)

- 50) Menntun ekki gert nógu hátt undir höfði
- 52) Fjölmíðlaumræða um menntamál of neikvæð
- 7) Lítil aðsókn í verknám
- 46) Nemendur bera of litla virðingu fyrir námi sínu
- 57) Viðhorf foreldra og ssamfélags til annars konar náms en stúdentsprófs of neikvæð
- 41) Of miklir fordómar gagnvart nemendum með greiningu

✓ Þjálfun og menntun starfsfólks (huddle)

- 38) Þjálfun skólastjórnaðar ekki nægilega markviss
- 23) Endurmenntun og símenntun starfsfólks námsstofnana ábótavant

✓ Bráðgerir nemendur vanræktir (huddle)

- 53) Bráðgerir nemendur vanræktir

✓ Slakur námsárangur (framkvæmdahópur)

- 13) Bæta þarf námsárangur
- 30) Ekki nógu mikil hvatning til framfara í námi
- 45) Ólæsir nemendur útskrifaðir úr grunnskólum

✓ Heimili og skóli (framkvæmdahópur)

- 67) Slæm félagsleg staða (oft vegna skorts á tilhlýðlegri menntun)
- 12) Þátttaka og ábyrgð foreldra ekki nógu skýr
- 68) Ekki nógu mikil samskipti við foreldra af erlendu þjóðerni
- 25) Of mikill félagslegur aðstöðumunur milli nemenda
- 40) Heimanám vandamál fyrir marga nemendur

✓ Mat og eftirlit (framkvæmdahópur)

- 37) Viðmið um gæði skólastarfs ekki nægilega skýr
- 11) Ytra mat sveitarfélaga á skólastarfi ekki nógu virkt

✓ Vanlíðan og sérþarfarir (framkvæmdahópur)

- 31) Sérfræðiteymi undirmönnuð og of löng bið í greiningar
- 44) Nemendur með sérþarfarir fá ekki viðeigandi aðstoð
- 4) Einelti - þurfum að gera betur
- 62) Skólaleiði alltof útbreiddur
- 14) Grunnskólinn bregst of seint við vanlíðan barna
- 55) Meðferðarúræði fyrir nemendur ekki nægjanleg

✓ Brottfall (framkvæmdahópur)

- 20) Brottfall of mikið
- 18) Greining á ástæðum brottfalls ófullnægjandi

✓ Samstarf sveitarfélaga (framkvæmdahópur)

- 63) Of mikill ríður milli sveitarfélaga
- 2) Kraftar of dreifðir í fræðslumálum
- 24) Ekki nógu samræmd störf fræðsluskrifstofa á svæðinu
- 32) Samvinna skóla ekki nægileg
- 34) Of mikil samkeppni skóla á svæðinu

✓ Kennsluhættir og námsefni (framkvæmdahópur)

- 29) Sköpunargleðin kafnar í skólakerfinu
- 35) Ekki nógu öflugt rannsóknartengt nám
- 65) Saga Suðurnesja ekki til á kennsluhæfu formi
- 16) Of föst í gömlum kennsluháttum
- 49) Kennsla of bókmiðuð
- 59) Ekki nógu markviss lestrarkennsla á efstu stigum leikskóla

✓ Stefna í fræðslumálum (framkvæmdahópur)

- 5) Verknám hefst ekki nógu snemma
- 17) Vantar sameiginlega stefnu í spjaldtölvumálum
- 36) Vantar samræmda uppeldisstefnu á svæðinu
- 60) Hlutverkaskipting nemenda, foreldra, kennara, starfsfólks og kjörinna fulltrúa ekki nógu skýr
- 56) Áherslur og markmið kjarnagreina ekki nógu skýrar
- 8) Of mikil áhersla á steypu á kostnað mannauðs
- 3) Vantar spár um þörf á menntun (lýðfræði o.s.frv.)
- 26) Stefnumótun í fræðslumálum er ekki nægilega skýr
- 33) Ekki nógu mikil tenging atvinnulífs og skóla

✓ Samstarf milli skólastiga (framkvæmdahópur)

- 70) Vannýttir möguleikar á Ásbrú/Keili
- 71) Tengsl grunnskóla við FS mætti vera meiri
- 64) Skólastig of "lokuð"
- 47) Vantar eftirlit með hvað nemendur gera að loknum grunnskóla
- 22) Ekki nógu samstarf á milli skólastiga
- 6) Ekki nógu mikið flot á milli skólastiga

✓ Styttning náms (háð stefnu)

- 39) Aðkoma sveitarfélaga að styttingu náms ekki tryggð
- 19) Grunnskólinn of stuttur - framhaldsskólinn of langur
- 61) Hlutdeild sveitarfélaga í hugsanlegum sparnaði vegna styttingar náms ekki tryggð
- Menntun mannauðs
- 10) Vantar fleiri leikskólakennara (menntaða)
- 15) Vantar fleiri grunnskólakennara (menntaða)

✓ Kjaramál (háð stefnu)

- 48) Starfsumhverfi kennara of flókið
- 27) Laun kennara eru of lág
- 54) Erfitt fyrir einstaka skólastofnanir að beita fjármagni öðruvísi
- 42) Ólýðræðislegir kjarasamningar
- 69) Laun of lág á svæðinu

Framhald vinnunnar

Í framhaldi af samráðsfundinum var ákveðið að skipa stýrihóp til að halda áfram með verkefnið. Stjórn SSS skipaði í hópinn og í honum eru eftirfarandi:

- **Gylfi Jón Gylfason** – Fræðslustjóri Reykjanesbæjar
- **Hanna María Kristjánsdóttir** – Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- **Hjálmar Árnason** – Framkvæmdastjóri Keilis
- **Ingibjörg María Guðmundsdóttir** – Skólasálfræðingur Grindavík
- **Jóngeir Hlinason** – formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- **Kristján Ásmundsson** – Skólameistari Fjölbautaskóla Suðurnesja

Hópurinn hittist á fyrsta fundi 15. janúar 2014 til að skilgreina verkefni upp úr niðurstöðum úrbótafundarins og forgangsraða þeim.

Þau verkefni sem samráðsfundurinn hafði flokkað sem „háð stefnu“ voru ekki tekin með í forgangs röðunina

Ákveðið var að stýrihópurinn yrði ábyrgur fyrir framhaldi vinnunnar og að sigla þeim verkefnum sem skilgreind hafa verið í höfn.

Hanna María Kristjánsdóttir var valin hópstjóri og mun sjá um að kalla hópinn saman til áframhaldandi vinnu.

Niðurstöður þessa fundar stýrihópsins myndar grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu verkefnisins.

✓ Forgangs röðun verkefna:


1. **Markaðsáttak til að breyta neikvæðri ímynd menntunar**, 65 stig
2. **Minnka brottfall**, 60 stig
3. **Bæta námsárangur**, 55 stig
4. **Virkja bráðgera nemendur**, 50 stig
5. **Efla mat og eftirlit með gæðum skólastarfs**, 50 stig
6. **Aukin kynning á námsframboði**, 45 stig
7. **Efla samstarf og upplýsingaflæði milli skólastiga**, 45 stig
8. **Efla tengsl heimilis og skóla**, 45 stig
9. **Bregðast betur við vísbendingum um vanlíðan nemenda**, 45 stig
10. **Betrumbæta námsefni og kennsluhætti**, 40 stig
11. **Auka traust og samvinnu sveitarfélaga í menntamálum**, 30 stig
12. **Bæta samgöngur (til menntunar)**, 20 stig
13. **Bæta þjónustu við nemendur með sérþarfir**, 20 stig
14. **Móta sameiginleg stefnu í fræðslumálum á Suðurnesjum**, 15 stig
15. **Auka áhrif nemenda á þróun mála**, 10 stig
16. **Þjálfun og menntun starfsfólks**, 5 stig
17. **Bæta upplýsingagjöf milli sveitarfélaga**. 0 stig

5. Verkefni og verkáætlun

Hér er að finna verklýsingu fyrir þau verkefni sem stýrihópur taldi mikilvægust og grundvöll að verkáætlun við vinnslu þeirra

Verkefni

- ✓ Á fundi sínum 15. janúar ákvað stýrihópurinn að einbeita sér að þeim 10 verkefnum sem hann setti efst í forgangs röðun sína.
- ✓ Hópurinn lítur svo á að þau tengist öll í gegnum það stóra verkefni að **minnka brottfall** ungmenna á Suðurnesjum úr framhaldsskóla.
- ✓ Því var ákveðið að skilgreina það sem sérstakt forgangsverkefni og að hin verkefni væru stuðningsverkefni við það (sjá mynd)
- ✓ Hópurinn mun á sínum fyrsta verkfundi skilgreina verkþætti allra verkefna og hefja vinnu samkvæmt þeim.



Verkefni: Minnka brottfall

Lýsing á vandamáli: Brottfall er of hátt á Suðurnesjum

Tækifæri til úrbóta úr úrbótavinnustofu:

- 20) Brottfall of mikið
- 18) Greining á ástæðum brottfalls ófullnægjandi

Í dag eru ca. 92% sem hefja framhaldsnám (með því lágsta á Íslandi) og aðeins ca. 60% sem ljúka framhaldsskólanámi. Hvað verður um þessi 8% sem ekki hefja framhaldsnám? Sl. 2 ár hefur verið skimað fyrir brottfallsáhættu í FS og þeir sem hætta eru spurðir „afhverju“?

Lýsing á verkefni:

Viðfangsefnið skiptist í tvennt:

1. annars vegar þeir sem ekki skila sér í framhaldsskóla
2. hins vegar þeir sem ekki ljúka framhaldsskólanámi

Hvað þarf að gera:

- ✓ Efla grunnþætti menntunar (lesa, skrifa og reikna)
- ✓ Bregðast við vanlíðan nemenda (sem getur staðið þeim fyrir þrífum námslega)
- ✓ Byrja þarf að skima fyrir brottfallsáhættu fyrr (færa skimunina niður á grunnskólastig)
- ✓ Greina ástæðurnar.
- ✓ Halda áfram að skima fyrir brottfallsáhættu í framhaldsskóla
- ✓ Búa til viðbragðsáætlun til að bregðast við þeim sem eru í mestri áhættu á brottfalli og hvaða ástæður liggja þar að baki.
- ✓ Kanna þörf fyrir starfsnám á svæðinu og breyta viðhorfum til starfsnáms (er þetta sér forgangsverkefni?)

Hvernig verður árangur metinn?

- ✓ Árangur viðbragðsaðgerða við brottfallsáhættu
- ✓ Hlutfall þeirra sem hefja framhaldsskólanám
- ✓ Hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólanámi

Þátttakendur í vinnunni:

- ✓ Stýrihópurinn
- ✓ Guðbrandur Einarsson (VR)
- ✓ Ingibjörg Hilmarsdóttir (leikskólafulltrúi)
- ✓ Námsráðgjafi (Elín Rut)

Eftirfylgni: Skv. ákvörðun hópsins.

Verkáætlun, vor 2014

(til útfyllingar fyrir stýrihópinn)

2014 Verkbættir	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október
Fundir stýrihóps	Fyrsti verkefnafundur stýrihóps								
	Kynning á samantekt								
Tengdir atburðir				(31.) Sveitarstjórnarkosningar					
Minnka brottfall									
Markaðsátak til að breyta neikvæðri ímynd menntunar									
Bæta námsárangur									
Virkja bráðgera nemendur									
Efla mat og eftirlit með gæðum skólalastarfs									
Aukin kynning á námsframboði									
Efla samstarf og upplýsingaflæði milli skólalastiga									
Efla tengsl heimilis og skóla									
Bregðast betur við vísbendingum um vanlíðan nemenda									
Betrumbæta námsefni og kennsluhætti									
Fjarnám									

6. Lokaorð

Borið saman við önnur svæði á Íslandi hefur staðan í menntamálum á Suðurnesjum mátt vera betri. Það er hinsvegar ljóst að mikill vilji er til þess hjá heimafolkum að breyta þessu og mikið hefur verið gert í að greina stöðuna og bregðast við henni. Sú vinna sem hér er hleypt af stokkunum verður vonandi liður í því að snúa þróuninni við og koma Suðurnesjunum í fremstu röð á þessu sviði innan fárra ára.

7. Helstu heimildir

- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson & Júlíus K. Björnsson (2013) *Helstu niðurstöður PISA 2012, læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*, Reykjavík: OECD
- Byggðastofnun. (2012). *Sóknaráætlun Suðurnesja, Stöðugreining, Lokadrög 12.12.12*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.
- Expectus (Mars 2013) *Sóknaráætlun Suðurnesja*, Reykjavík: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Expectus. (Mars 2010). *2020 Sóknaráætlun, Stöðuskýrsla Suðurnesja, töluleg samantekt*, Reykjavík: Forsætisráðuneytið
- Friðgeir Andri Sverrisson og Sigurgrímur Skúlason, (2012), *Skýrsla um samræmd konnunarpróf 2012*, Reykjavík: Námsmatsstofnun
- Hagstofa Íslands (2013) *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2012*, Reykjavík: hagstofan.is
- Hanna María Kristjánsdóttir, (2012) *Efning menntunar á Suðurnesjum, samantektarskýrsla þróunarverkefnis*, Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Námsmatsstofnun, (2013), *Samræmd konnunarpróf haustið 2013: Framkvæmd og uppbygging*, Reykjavík: Námsmatsstofnun
- Velferðarvaktin (Desember 2013) *Suðurnesjavaktin, áfangaskýrsla*, Reykjavík: Velferðarráðuneytið

Viðtöl:

- Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Voga, 24. júní 2013
- Dagný Gísladóttir, verkefnisstjóri hjá Heklunni, 14. maí 2013
- Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, 4. júní 2013
- Gylfi Jón Gylfason, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, 7. júní 2013
- Hanna María Kristjánsdóttir, fóstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja, 7. júní 2013
- Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, 28. maí, 2013
- Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, 7. júní 2013
- Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs Grindavíkur, 24. júní 2013